

STARFSLÝSING

Svið: Skóla- og fristundasvið

Vinnustaður: Grunnskóli

Starfsheiti SFS.5330.þroskaþjálfí

Starfsheiti næsta yfirmanns: Skólastjóri eða annar sem skólastjóri ákveður

Stéttarfélag :5330

Ístarf númer:

Almennt um starfið

Markmið og tilgangur starfs

þroskaþjálfí starfar samkvæmt reglugerð um þroskaþjálfa, siðareglum þroskaþjálfa, lögum og reglugerðum um grunnskóla, lögum um málefni fatlaðra og öðrum lögum og reglugerðum sem við eiga. Einnig starfar hann eftir aðalnámskrá grunnskóla og stefnu viðkomandi grunnskóla.

Starfar eingöngu í almennum grunnskóla og þá með einn nemanda. Þroskaþjálfí fylgir nemanda alla jafna í almennan bekk. Þroskaþjálfí vinnur undir leiðsögn yfirþroskaþjálfa.

Verksvið eða megin verkefni

- Gerir einstaklingsáætlun í samráði við yfirþroskaþjálfa, umsjónarkennara, sérkennara, foreldra og aðra aðila eftir því sem við á.
- Gerir færni og þroskamat.
- Skipuleggur þjáfunaraðstæður, velur/útbýr þjáfunar- og námsgögn, fylgir eftir settum markmiðum, metur árangur og endurskoðar markmið í samstarfi við samstarfsaðila og skilar niðurstöðum til næsta yfirmanns og foreldra.
- Tekur þátt í kennara og starfsmannafundum.
- Situr nemendaverndarráðsfundi þegar við á.
- Veitir foreldrum nemandans ráðgjöf og leiðbeiningar er líta að fötlun hans.
- Annast upplýsingaöflun og upplýsingagjöf vegna sérþarfa nemanda.
- Vinnur önnur þau verkefni sem næsti yfirmaður felur honum og eðlilegt getur talist að rúmist innan verksviðs þroskaþjálfa.

Ábyrgð í starfi

- Ber ábyrgð á og annast þroskaþjálfun og umönnun nemanda með fatlanir.
- Ber ábyrgð á samskiptum við fjölskyldu nemanda.
- Stuðlar að jafnrétti og jákvæðum viðhorfum til fatlaðs fólks.
- Miðlar upplýsingum varðandi sérþarfir nemanda til kennara, annarra starfsmanna skólans og foreldra.
- Stendur vörð um réttindi nemanda og stuðlar að því að hann njóti bestu þjónustu sem möguleg er á hverjum tíma.
- Eflir og viðheldur fagþekkingu sinni með reglubundinni endur- og símenntun.
- Hefur umsjón með hjálpartækjum nemanda svo sem hjólastólum, spelkum, sondu, tölvubúnaði og öðru sem á þarf að halda.

Grunnkröfur

Menntun og/eða réttindi sem krafist er:

- Þroskaþjálfafrafræði, starfsleyfi til að starfa sem þroskaþjálfari.

Reynsla sem krafist er:

- Reynsla af starfi með fötluðum börnum(æskileg).

Hæfni sem krafist er:

- Hæfni í samskiptum.
- Frumkvæði, skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð.
- Fjölbreytt áhugasvið sem nýtist í starfi.
- Almenn tölvukunnáttu.

Samskiptafærni og samstarfsaðilar í starfinu:

Daglega eru samskipti við yfirþroskaþjálfa, kennara og annað starfsfólk skóla og foreldra og starfsfólk frístundamiðstöðva.

Sjaldnar eru samskipti við starfsmenn skammtímavistunar, starfsmenn ferðaþjónustu fatlaðra og fagaðila sem koma að þjálfun nemanda.

Vinnuaðstæður:

Vinnur við krefjandi aðstæður líkamlega. Andlega s.s. ofbeldi, alvarlegt áreiti, hótanir og ógnandi hegðun.


Vinnur með búnað t.d hjólastóla. lyftur o.fl.

Vinnur oft í húsnæði sem er ekki hannað með þarfir fatlaðra einstaklinga í huga.

Sérverkefni starfsmanna:

Annað:

Reykjavík, 23.10.2014.


Undirskrift yfirmanns